

## 20. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 3.10. 2023, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson og Lárus Heiðarsson oddviti. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi. 2. varamaður Guðni Jónsson mætti í stað Önnu Jónu Árnarsdóttur. Helgi Gíslason sveitarstjóri boðaði forföll. Mætt til fundar vegna 1. liðs Ragna Fanney Jóhannsdóttir og vegna 2. liðs Kristinn Bjarnason lögfræðingur.

### Dagskrá:

1. Skýrsla Vatnajökulsþjóðgarðs um Hengifoss
2. Kynning á umsögn Innviðaráðuneytis um skýrslu Fljótsdalshrepps um íbúalágmark
3. Vegagerðarmál
4. Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2024
5. Samningur um aðalskipulagsgerð við Landmótun
6. Kaupsamningur um Fljótsdalsgrund
7. Refasamningur
8. Fundargerðir:
  - a. Byggingar-og skipulagsnefndar 20.9.2023
  - b. Minjasafns Austurlands 15.9.2023
  - c. Skólaskrifstofu Austurlands 18.9.2023
  - d. Heilbrigðisnefndar Austurlands 7.9.2023
  - e. Sambands íslenskra sveitarfélaga 8.9.2023
  - f. Sambands íslenskra sveitarfélaga 18.9.2023
  - g. Starfsnefndar Orkusveitarfélaga 5.9.2023
  - h. Aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 19.9.2023
9. Bréf til sveitarfélaga um innviði orkuskipta
10. Bréf um óskilafé í Skjögrastaðarétt
11. Málstefna sveitarfélaga
12. Fjárhagsáætlun um málefni fatlaðra endurskoðuð vegna 2023
13. Skýrsla sveitarstjóra
14. Önnur mál

**1. Skýrsla Vatnajökulspjóðgarðs um Hengifoss**

Skýrslan kynnt. Ragna Fanney vék af fundi kl: 14:25

**2. Kynning á umsögn Innviðaráðuneytis um skýrslu Fljótsdalshrepps um íbúalágmark**

Kristinn kom inná fundinn í gegnum fjarfundarbúnað kl: 14:28. Umsögn ráðuneytisins kynnt.

Ákveðið að birta álit sveitarstjórnar og umsögn ráðuneytisins á heimasíðu sveitarfélagsins, ásamt því að senda bréf á hvert heimili í sveitinni. Kristinn vék af fundi kl: 14:51. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

**3. Vegagerðarmál**

Kynnt skoðunarferð með starfsmönnum Vegagerðarinnar dags. 19. September 2023. Beðið er eftir staðfestingu frá Vegagerðinni svo framkvæmdir geti hafist.

**4. Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2024**

Áætlun kynnt og samþykkt. Hlutur Fljótsdalshrepps samkvæmt áætlun kr. 895.700.

**5. Samningur um aðalskipulagsgerð við Landmótun**

Kynnt og samþykkt.

**6. Kaupsamningur um Fljótsdalsgrund**

Kjartan vék af fundi. Samningur kynntur og samþykktur. Kjartan kom aftur til fundar.

**7. Refasamningur**

Samningur frá Umhverfisstofnun, kynntur og samþykktur. Sveitarstjóra falið að skrifa undir.

**8. Fundargerðir:**

**a. Byggingar-og skipulagsnefndar 20.9.2023**

Kynnt. Jóhann vék af fundi. Varðandi lið 2. í fundargerðinni er samþykkt að Skarphéðinn Smári Þórhallsson vinni að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði á Valþjófsstaðamelum austan Végarðs og að deiliskipulagi fyrir byggðakjarna í landi Hamborgar. Jóhann kom aftur til fundar. Liður 4. samþykkt að veita Orkufjarskiptum hf. framkvæmdarleyfi vegna breytinga á ljósleiðaralögn á Teigsbjargi. Sveitarstjóra falið að veita framkvæmdaleyfi. Liður 5.

samþykkt að taka tilboði frá Rannveigu Þórhallsdóttur um fornleifaskráningu í landi Hamborgar vegna áforma um deiliskipulagningu á byggðakjarnanum. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Rannveigu. Liður 6. Fyrirhugaðar framkvæmdir við heimavirkjun við Sturluflöt kynntar og erindinu vísað aftur til Byggingar- og skipulagsnefndar.

**b. Minjasafns Austurlands 15.9.2023**

Kynnt.

**c. Skólaskrifstofu Austurlands 18.9.2023**

Kynnt.

**d. Heilbrigðisnefndar Austurlands 7.9.2023**

Kynnt.

**e. Sambands íslenskra sveitarfélaga 8.9.2023**

Kynnt.

**f. Sambands íslenskra sveitarfélaga 18.9.2023**

Kynnt.

**g. Starfsnefndar Orkusveitarfélaga 5.9.2023**

Kynnt.

**h. Aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 19.9.2023**

Kynnt.

**9. Bréf til sveitarfélaga um innviði orkuskipta**

Kynnt bréf frá Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu. Sveitarstjóra falið að koma erindinu til byggingarfulltrúa.

**10. Bréf um óskilafé í Skjögrastaðarétt**

Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

**11. Málstefna sveitarfélaga**

Erindið kynnt. Sveitarstjórn veur athygli á að íslenskukennsla er í boði hjá Austurbrú og Fljótsdalshreppur er hluti af því. Sveitarstjóra falið að koma málinu í farveg.

**12. Fjárhagsáætlun um málefni fatlaðra endurskoðuð vegna 2023**

Kynnt.

### 13. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri forfallaður vegna veikinda.

### 14. Önnur mál

Oddviti undirritar samning vegna vinnuhóps um svæðisbundið samráð gegn ofbeldi á Austurlandi.

Sveitarstjórn er boðuð að sitja fund með þingmönnum fjórðungsins miðvikudaginn 4. Október kl: 9:15-10:00 í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.

Huga þarf að rekstri þjónustuhússins við Hengifoss og með hvaða hætti hann verður. Sveitarstjóra falið skoða málið.

Vegna fyrirhugaðrar Bændaferðar norður í land þá mun sveitarfélagið standa straum að kostnaði fyrir rútuferð og gistingu.

Fundi slitið kl: 17:30

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

---

Guðni Jónsson

---

Halla Auðunardóttir

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Kjartan Benediktsson

---

Lárus Heiðarsson oddviti

